

REGLUGERÐ KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara

1.gr.

Almenn ákvæði

- 1.1. Allir þjálfarar skulu hafa fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna.
- 1.2. Skilgreining á hlutverki aðalþjálfara: Aðalþjálfari skipuleggur og stjórnar æfingum flokksins sem hann þjálfar og er viðstaddur leiki liðsins. Hann er ábyrgur fyrir knattspyrnulegri stjórnun flokksins og ber faglega ábyrgð á starfi og árangri hans.
- 1.3. Skilgreining á hlutverki yfirþjálfari: Yfirþjálfari hefur yfirumsjón með yngri flokka starfi og þjálfurum yngri flokka félagsins. Hann er ábyrgur fyrir knattspyrnulegri stjórnun yngri flokka og ber faglega ábyrgð á þjálfun barna og unglunga hjá sínu félagi.
- 1.4. Lágmarks aldur þjálfara sem hefja nám á námskeiðum KSÍ skal vera 15. aldursár.
- 1.5. Almennt skal líða a.m.k. eitt ár frá útskrift þjálfara með KSÍ B þjálfararéttindi og þangað til þeir geta sótt um inngöngu á KSÍ VI þjálfaranámskeið. Þjálfarar sem hafa leikið a.m.k. 10 A landsleiki fyrir sína þjóð geta sótt um inngöngu á KSÍ VI þjálfaranámskeið um leið og þeir ljúka KSÍ B þjálfaragráðu.

2.gr.

Menntunarkröfur

- 2.1. Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

Þjálfun	Aðalþjálfari	Aðstoðarþjálfari	Markmannsþjálfari
Efsta deild karla, 1. deild karla, 2. deild karla, efsta deild kvenna og 1. deild kvenna	UEFA Pro gráða eða KSÍ A gráða	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ (UEFA) A Markmannsþjálfaragráða eða KSÍ Markmannsþjálfaragráða
3. deild karla, 4. deild karla, 2. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ B gráða	KSÍ Markmannsþjálfaragráða eða KSÍ B gráða
Yfirþjálfari yngri flokka	KSÍ Afreksþjálfun unglunga		
3. og 4. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ II	KSÍ B gráða
Yfirþjálfari í 5., 6., 7. og 8. flokki	KSÍ B gráða		
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 7 eða 5 manna liðum	KSÍ B gráða	KSÍ II	KSÍ III

3.gr.

Mat á þjálfaragráðum

- 3.1. KSÍ er aðili að þjálfarasáttmála UEFA og metur því UEFA A og UEFA B þjálfaragráður frá öllum löndum Evrópu til jafns við KSÍ A og KSÍ B gráðurnar.

4.gr.

Endurmenntun

- 4.1. Þjálfarar með KSÍ A og KSÍ B þjálfaragráður þurfa að sækja sér endurmenntun, lágmark 15 tíma á 3 ára fresti til að viðhalda réttindunum sínum og skila inn staðfestingu því til sönnunar til fræðslustjóra KSÍ.
- 4.2. Fræðslunefnd KSÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

5.gr.

Mat réttinda

- 5.1. Fræðslunefnd KSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi þjálfarar sem sótt hafa þjálfaranám erlendis hafa til þjálfunar á Íslandi.

6.gr.

Undanþágur

- 6.1. Fræðslunefnd KSÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Slíkar undanþágur skal þó alltaf bera undir stjórn KSÍ til samþykktar.

7.gr.

Gildistaka

- 7.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og var samþykkt af stjórn KSÍ 8. ágúst 2019.

Samþykkt af stjórn KSÍ 8. ágúst 2019